

## Skilablað – Sumarhús á Þingvöllum

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „*Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati*“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþusnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna undirbúnings á sölu tveggja sumarbústaða á Þingvöllum.

### 1 Upphof verkefnis

Verkefnið varðar sölu á tveimur sumarbústöðum á Þingvöllum sem Þingvallaneftnd áformáði að selja til brottnutnings eða niðurrifs.

Bústaðirnir stóðu á Gjábakkalandi 1 (G1) og Gjábakkalandi 5 (G5), tæplega 10 km suðaustan við þjónustumiðstöðina á Þingvöllum.

Verkkaupi verkefnisins var Þingvallaneftnd en fjármála- og efnahagsráðuneytið hafði milligöngu um að verkbeiðni barst til Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR).

Verkbeiðni barst til FSR í september 2013.

Verkefnastjórar hjá FSR voru Jón Ásbjörnsson og Róbert Jónsson.

### 2 Verklýsing

Staðsetning verkefnis var hjá Þingvallaneftnd en verkefnið var unnið í samráði við Ríkiskaup.

Verkefni FSR var að gera ástandsskoðun á húsum og lóðum en einnig að skoða aðstæður á svæðinu, hugsanlega með tilliti til umferðar stórvirkra vélá.

Framkvæmd var vettvangsskoðun þann 29. september 2013, rætt við yfirlandvörð um aðstæður vegna verkefnisins og teknar myndir. Tengiliður á vettvangi var Guðrún St. Kristinsdóttir, yfirlandvörður þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verknúmer voru 633 0230 og 633 0231.

### 4 Framvinda

Framkvæmd var ástandsskoðun á sumarbústöðum og lóðum.

#### Ástandsskoðun lóða:

Lóðin G1 er um 7.000 m<sup>2</sup> að stærð og lóðin G5 um 10.000 m<sup>2</sup>. Leigulóðirnar eru úr landi Gjábakka sem er innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.



Mynd 1. Gjábakkaland 1.



Mynd 2. Gjábakkaland 5.

Ákvæðið var að fá sérfræðing til að meta hvort hægt væri að fara inn á lóðirnar með stórvirk tæki án þess að óafturkræfar skemmdir yrðu á landinu. Niðurstaða sérfræðingsins var að það væri í lagi. Fella þurfti nokkur grenitré sem starfsfolk þjóðgarðsins gerði. Þá var niðurstaðan að flutningur bústaðanna þyrti að fara fram þegar frost væri í jörðu.

#### Ástandsskoðun húsa:

Samkvæmt fasteignaskrá var sumarbústaðurinn G1 51,9 m<sup>2</sup> timburhús byggt árið 1967. Húsið var á steypum súlum og undir húsinu voru bitar. Talsvert var af góðum viði í húsinu sem mátti nýta ef niðurstaðan yrði að rífa húsið. Einnig var mikil af góðum viði í sólpöllum.

Samkvæmt fasteignaskrá var sumarbústaðurinn G5 52,3 m<sup>2</sup> timburhús byggt árið 1968. Undirstöður hússins voru símastaurar og í þaki voru kraft-

sperrur. Í bústaðnum var hlaðinn arinn og sólpallur var við hluta af húsnæðinu.

Gerð var krafa um að fjarlægja húsin af lóðunum, taka burtu allar undirstöður þeirra og fjarlægja sólpalla og annað sem tilheyrði húsunum. Gengið skyldi frá grunni húsanna og hann grófjafnaður.

Ganga þyrfti frá hugsanlegum skemmdum sem kynnu að verða á lóðum í samráði við yfirlandvörð.

Miðað var við að við brottflutning eða niðurrif yrði farið eftir þáverandi byggingarreglugerð nr. 441/1998 kafla 2 – Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Gert var ráð fyrir að starfsfólk þjóðgarðsins hefði eftirlit með framkvæmd verkefna.

Bústaðarnir voru auglýstir til sölu í október 2013 og bárust sex tilboð í G1 og fimm tilboð í G5.

Bústaðurinn G1 var seldur á 1.200.000 kr. og G5 var seldur á 713.351 kr.

## 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður við verkefnin var 547.580 kr.

## 6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða verkefnisins var sú að báðir sumarbústaðirnir voru seldir. Bústaðurinn G1 var fjarlægður um vorið 2014 en dregist hefur að fjarlægja bústaðinn G5. Sá verkliður er á ábyrgð starfsfólks þjóðgarðsins, samanber upplýsingar hér að framan.

## 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

## 8 Verklok


Aðkomu FSR að verkefninu lauk við sölu á bústöðunum.

## 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



Róbert Jónsson, verkefnastjóri